

# GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Skeiða og Gnúpverjahreppi

1. gr.

*Heimild*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 498/2010 um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. gr.

*Meðhöndlun úrgangs við íbúðarhúsnæði*

Innheimta skal gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs við öll íbúðarhúsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjald miðast við grunneiningu íláta fyrir meðhöndlun úrgang frá heimilum skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Stærð grunneiningar er 240 l grátunna fyrir óflokkaðan úrgang, 660 l græntunna fyrir pappír, 360 l svartunna fyrir plast og 25 l tunna fyrir lífúrgang,

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Gjald á grunneiningu við íbúðarhúsnæði:

Grátunna/óflokkaður úrgangur 240 l ílát	41.100 kr.
Græntunna pappír og pappi 660 l	8.200 kr.
Svartunna plast 360 l ílát	7.000 kr.
Lífúrgangur 25 l ílát	8.000 kr.

Stækkun á tunnum til viðbótar við grunneiningargjald

Blandaður úrgangur úr 240 l í 660 l tunnu	47.900 kr.
Blandaður úrgangur úr 240 l í 1.100 l tunnu	76.900 kr.
Pappír úr 660 l í 1100 l tunnu	8.900 kr.
Auka plast tunna	8.900 kr.

Söfnunartíðni:

Grátunna: *Söfnun á 6 vikna fresti*

Græntunna: *Söfnun á 9 vikna fresti*

Svartunna: *Söfnun á 9 vikna fresti*

Brúntunna við heimili í þéttbýli: *Söfnun á 2 vikna fresti*

*Annar kostnaður vegn meðhöndlunar úrgangs við íbúðarhúsnæði:*

<i>Breytingakostnaður við ílát gildir frá 01.09.2024.</i>	<i>3.500 kr.</i>
<i>Emdurnýjunargjald tunnu 240 l með flutningi á staðfang</i>	<i>20.000 kr.</i>
<i>Endurnýjunargjald tunnu 660 l með flutningi á staðfang</i>	<i>70.500 kr.</i>
<i>Endurnýjunargjald tunnu 1.100 l með flutningi á staðfang</i>	<i>80.000 kr.</i>
<i>Endurnýjunargjald lífræn tunna</i>	<i>5.500 kr.</i>

3. gr.

*Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og móttökustöðvar og meðhöndlun úrgangs.*

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva. Gjaldið miðast við kostnað sem tilfellur vegna fasta kostnaðar á grenndar- og móttökustöð

sveitarfélagsins, s.s. launa, gámaleigu, flutnings og annars fasts kostnaðar við móttöku, flokkun og förgun sorps.

Íbúðarhúsnæði	8.800 kr.
Frístundahúsnæði, atvinnuhúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta	36.600 kr.

4. gr.

*Gjaldskrá móttökustöðvar*

Á móttökustöðvum sveitarfélagsins er tekið á móti almennum úrgangi, grófum úrgangi, málmum, pappa, plasti, brotajárni, gler, ólituðu og lituðu timbri, garðaúrgangi auk spilliefna, raftækja og öðru sem telst úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Greitt er fyrir afsetningu á óflokkuðum úrgangi, grófum úrgangi, lituðu og ólituðu timbri á móttökustöð sveitarfélagsins. Heimili, frístundahúsnæði, fyrirtæki, lögbýli og frístundahúsafélög sem afsetja úrgang á móttökustöð eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustað eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustað eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustað miðast við  $m^3$  þess úrgagnsmagns sem afsett er.

Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Móttökugjald á  $0,25 m^3$  af óflokkuðum úrgangi er 4.600 kr.

Móttökugjald á  $0,25 m^3$  af grófum úrgangi er 4.600 kr.

Móttökugjald á  $0,25 m^3$  af lituðu timbri 3.500 kr.

Móttökugjald á  $0,25 m^3$  af ólituðu timbri 2.500 kr.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á brotamálmum, úrgangi sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs né garðaúrgangs og annars óvirks úrgangs, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

5. gr.

*Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahæ*

Sorpeyðingargjald vegna hrædýra er lagt á alla aðila með búrekstur.

Gjaldflokkur 1 (mikil notkun)	180.000 kr.
Gjaldflokkur 2	67.500 kr.
Gjaldflokkur 3 (Örbú)	18.000 kr.

Skilgreiningar á gjaldflokkum:

Gjaldflokkur 1

- i. Öll kúabú með yfir 300.000 l. greiðslumark.
- ii. Kúabú með umtalsverða aðra starfsemi t.d. með fleiri en 100 fjár.
- iii. Sauðfjárabú með yfir 1000 fjár
- iv. Svínabú með gripafjölda yfir 600 svín.

Gjaldflokkur 2

Stærð búa sem ekki falla undir gjaldflokk 1 eða örbú

Örbú

Öll bú eða aðilar sem eru með undir 50 hross og 50 fjár og ljóst er að landbúnaður er aukabúgrein en ekki í raun atvinna viðkomandi

Undaþágur og afslættir:

- Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldi minni búa. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er þá 40% afsláttur af gjaldi, 60.000 kr. fara þá niður í 36.000 kr.
- Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að fá gjaldið fellt niður.
- Hægt er að sækja um 40% afslátt af gjaldi ef sýnt er fram á að velta tengd dýrahaldi sé undir 5 milljónum, fer gjald þá úr 60.000 kr. í 36.000 kr.
- Aðilar með búrekstur og ársveltu undir 5 mkr geta sótt um 40 % afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ.

6. gr.

*Gjalddagar*

Gjalddagi gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs frá heimilum skulu vera þeir sömu og fasteignaskattur og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt og innheimta fasteignaskatts.

Gjalddagar gjalds með meðhöndlunar á dýrahæjum er í október ár hvert.

Fyrir móttöku úrgangs á móttökustöð sveitarfélagsins skal greiða fyrir við afsetningu á móttökustað í samræmi við gildandi gjaldskrá móttökustövar.

7. gr.

*Innheimta*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

8. gr.

*Samþykki og staðfesting*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 6. desember 2023. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 1732/2022 vegna meðhöndlunar úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 6. desember 2023

Sveitarstjóri  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri